

Snæfellsbær  
Hildigunnur Haraldsdóttir  
Klettsbúð 4, Hellissandi  
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 5. janúar 2024  
Málsnúmer: 202311-0061  
LA

## Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu um frístundabyggð í landi Ölkeldu í Snæfellsbæ

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 30. nóvember 2023, þar sem Snæfellsbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að nýju deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ölkeldu í Snæfellsbæ. Svæðið er innan frístundabyggðar (F-4) í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 en ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Á svæðinu eru þegar risin tvö hús og áætlað er að skipuleggja sjö frístundalóðir til viðbótar. Stærð skipulagssvæðisins er 9 ha og nýjar lóðir verða að lágmarki 3000 m<sup>2</sup> að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Svæðið er að hluta til raskað og ekki er ljóst hvort malarhryggur sem fer undir frístundalóðir sé manngerður eða forn strandmyndun. Fornar strandmyndanir eru nokkuð algengar meðfram sunnanverðu Snæfellsnesi og eru áhugaverðar þar sem þær segja til um forna sjávarstöðu eftir ísöld. Þær njóta ekki verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Innan skipulagssvæðisins er líklega meira um votlendi en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar gefur til kynna og á kostnað mólendisvistgerða. Votlendið nær þó ekki lágmarks stærð sem tilgreind er í 61. gr. náttúruverndarlaga um sértaka vernd. Skipulagssvæðið er í jarði votlendis en er þó að mestu leiti á þurrum malarhrygg. Þar sem er þurrara er líklegast um að ræða graslendisvistgerðir. Í fornum mógröfum þrífast oft sérstæðar vatnaplöntur t.d. blöðrujurt, en ekki er vitað um slíkar plöntur innan skipulagssvæðisins. Skipulagstillagan þrengir óþarflega mikið að mógröfunum og fer inn fyrir helgunarsvæði fornleifa. Mögulegt væri að leggja aðkomuveg eftir malarhryggnum og flytja lóðirnar austar.

Mikilvægt er að setja í deiliskipulagið tilmæli um trjáplöntun innan frístundabyggðar og þá einkum um notkun erlendra trjátegunda sem geta borist út í votlendið. Reikna má með að aukin umferð fólks um svæðið geti haft áhrif á lífríki svæðisins og þá sérstaklega fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

*Lovisa Ásbjörnsdóttir*

Lovisa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

